



Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic Industries

Iðnaðarráðuneyti  
b.t. Guðjóns Axels Guðjónssonar  
Arnarhvali  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2008

**Varðar:** Umsögn um drög að reglugerð um leit og nýtingu auðlinda hafsbotnsins.

Samtök iðnaðarins hafa fengið ofangreind drög að reglugerð til umsagnar frá ráðuneytinu, sbr. bréf dagsett 4. nóvember sl. (IDN08070036/23.120). Frumvarpið var einnig sent félagsmanni samtakanna, Björgun, til umsagnar og vilja SI að öllu leyti taka undir athugasemdir sem gerðar eru í þeirra umsögn sem unnin er af Lex lögmannsstofu. Samtökin vilja áréttta nokkur atriði og gera eftirfarandi athugasemdir við drögin.

#### **Gildissvið**

Samtökin taka undir það sjónarmið Björgunar að lagastoð skorti í veigamiklum atriðum fyrir ákvæðum reglugerðarinnar. Þar er mikilvægast útvíkkun gildissviðs reglugerðarinnar miðað við lög. Lögin fjalla um leit og nýtingu auðlinda en gildissvið reglugerðardraganna er leit, rannsóknir og nýting. Þetta atriði skiptir verulegu máli því veigamikil ákvæði reglugerðarinnar sem snúa að rannsóknum á lífríki og náttúrufari eiga ekki stoð í lögnum. Samtökin leggja því til að skilgreining á rannsóknarleyfi falli á brott og í stað þess verði leitarleyfi skilgreint þar sem orðin „.....og lífríki“ falli á brott úr núverandi skilgreiningu. Eins er lagt til að II. kafli um rannsóknir og leit verði endurskoðaður. Vissulega er þörf á rannsóknum sem tengjast nýtingu auðlinda beint, s.s. er varðar efnisgæði. Það þarf að vera skýrt í reglugerðinni hvaða rannsóknir eiga að fara fram og að þær skuli snúa að nýtingu auðlinda en ekki almennt um lífríki.

#### **Mat á umhverfisáhrifum**

Af sömu ástæðu og nefnd er hér að ofan er lagt til að 3. mgr. 8. gr. falli brott, sem og orðin „... og náttúrufar“ í 1. mgr. 8. gr. Orðalag 3. mgr. 8. gr. um að *niðurstöður á rannsóknum á gróðurfari og dýralífi* er ónákvæmt og opnar fyrir víðtækar heimildir Orkustofnunar til að setja kröfur á umsækjendur. Slíka heimild þyrfti að útfæra nánar ef ástæða væri til. Ákvæðið er hins vegar óþarft því önnur lög fjalla nú þegar um þetta atriði. Ákvæðið skarast við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum en undir þau lög fellur efnistaka af hafsbotni yfir ákveðnum mörkum. Tekið skal fram að ákvæði um öryggis- og umhverfisráðstafanir eru þessu óskyld að mati umsagnaraðila, enda er þar vísað til aðbúnaðar og verklags við vinnu.

#### **Tímamörk**

Lagt til að í 3. gr. og 8. gr. verði sett tímamörk um hve langan tíma Orkustofnun hefur til að svara umsóknum. Lagt er til að það verði 4 vikur, sbr. algenga fresti í reglugerð um mat á umhverfisáhrifum. Einnig er lagt til að tímamörk verði sett fyrir umsagnaraðila í 6. gr. og 12. gr, t.d. tvær vikur.

### **Tegund leyfis**

Í 11. gr. 2. tl. kemur fram að „*tegund leyfis*“ skuli tilgreind í nýtingarleyfi. Hvergi í annars staðar í reglugerðardrögunum né í lögum er rætt um undirtegundir nýtingarleyfis. Hér þarf að skýra betur hvað átt er við.

### **Gjaldtaka**

Í 11. gr. 12. tl. er talað um „*endurgjald fyrir nýtingu auðlindar*“ en í 20. gr. um „*efnistökugjald*“. Umsagnaraðilar telja að hér sé verið að vísa til sama gjaldsins sem byggir á lagaheimild 2. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1990, enda er ekki önnur lagaheimild til gjaldtöku vegna nýtingar. Lagt er til að sama orð verði notað á báðum stöðum svo skýrt sé að hér sé verið að tala um sama gjaldið en ekki tvöfalda gjaldtöku. Tekið er undir sjónarmið Björgunar að vafi leikur á að heimild sé til gjaldtöku fyrir bæði leyfisveitingu og nýtingu.

Lagt er til að við 2. mgr. 20. gr. verði sett ákvæði um að eftirlitsgjöld skuli ákveðin með gjaldskrá.

### **Málsmeðferð**

Í 12. gr. er fjallað um málsmeðferð án þess að tekið sé á því hvernig valið skuli milli umsækjenda ef fleiri en einn sækja um sama nýtingarsvæði. Æskilegt er að því verði gerð betri skil.

### **Upplýsingagjöf**

Upplýsingar sem afhenda skal Orkustofnun skv. 13. gr. geta verið viðkvæmar af viðskiptalegum ástæðum. Því er lagt til að trúnaður ríki um þær á gildistíma leyfis og á forgangsréttartíma, sbr. einnig 23. gr. í lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Lagt er til ef annar en rannsóknaraðili fær nýtingaréttinn sé gert ráð fyrir að sá er kostaði rannsóknir geti krafð nýtingarhafa um greiðslu fyrir niðurstöður rannsókna gegn afhendingu gangnanna, sbr. heimild í 7. gr. laga nr. 57/1998.

Umsagnaraðilar undirstrika að á sama hátt og mikilvægt er að skilgreina vel heimild Orkustofnunar til að krefja umsækjendur um niðurstöður rannsókna er mikilvægt að skilgreina vel hvaða upplýsingar stofnunin getur óskað eftir að fá afhentar.

### **Annað**

Tekið er undir athugasemdir Björgunar um skort á lagastoð við ákvæði varðandi heimildir og úrræði Orkustofnunar í 15. og 16. gr. draganna. Sama á við um ákvæði 19. gr. um framsal leyfa og um ákvæði 19. gr. um innheimtu Orkustofnunar á gjöldum.

Bryndís Skúladóttir  
forstöðumaður umhverfismála